

Reykjavík, 13. nóvember 2019  
R19020099  
230  
AK/TIA

Forsætisnefnd

***Uppfærð samþykkt fyrir aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks***

Meðfylgjandi eru drög að breyttri samþykkt aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks sem samþykkt voru á fundi nefndarinnar þann 7.11.2019. Þess er óskað að drögin verði lögð fyrir forsætisnefnd.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir  
Mannréttindastjóri





## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Forsætisnefnd

**Sendandi:** Anna Kristinsdóttir

---

### *Vegna breytingar á samþykkt aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks*

Lögð er til breyting á samþykkt nefndarinnar til þess að það sé fyllilega tilgreint að nefndin sinni hlutverki þess samráðsvettvangs gagnvart fötluðu fólki sem fjallað er um í 8. og 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í fyrri samþykkt var aðeins tilgreint að nefndin færi með hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks skv. 42. gr. laganna en ekki notendaráðs skv. 8. gr. Nánar er greint frá hlutverki samráðshóps um málefni fatlaðs fólks og notendaráðs hér að neðan.

Breyting á samþykktinni felur það einnig í sér að tilgreint er að kjörnir fulltrúar sitji ekki fund þegar notendur fjalli um mál sem falla undir verksvið notendaráðs, en fjallað er um hvernig notendaráð skuli vera skipað í þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017-2021.

### **Hlutverk samráðshóps um málefni fatlaðs fólks**

Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks fer með verkefni *samráðshóps um málefni fatlaðs fólks* skv. **2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991** um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samráðshópurinn skal skipaður að lágmarki þremur fulltrúum kosnum af sveitarstjórn auk þremur fulltrúum tilnefndum af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Þar segir :

*„Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um þjónustu við fatlað fólk, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist samráðshópur um málefni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrjú fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjú fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustu við fatlað fólk skulu viðkomandi sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu hópsins“.*

### **Hlutverk notendaráðs**

Notendur félagsþjónustu sem sitja í aðgengis- og samráðsnefnd fara einnig með verkefni *notendaráðs* sem fjallað er um í **8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga**. Þar segir:


*„Samráð skal haft við notendur félagsþjónustunnar með það að markmiði að þeir séu virkir*

*Þátttakendur í undirbúningi ákvörðunar um þjónustu og hvernig henni verður háttað. Þá skal hafa samráð við notendur við almenna stefnumörkun innan sveitarfélagsins. Sveitarfélög skulu a.m.k. árlega funda með hagsmunasamtökum notenda félagsþjónustunnar og skulu starfrækja sérstök notendaráð sem tryggji aðkomu hagsmunasamtaka notenda við stefnumörkun og áætlanagerð sveitarfélags í málefnum er varða meðlimi þeirra. Tryggja skal þátttakendum stuðning og þjálfun til virkrar þátttöku í notendasamráði“.*

Vísað er til hlutverks notendaráða í lið F7 í 2. kafla í þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2017–2021. Þar kemur fram að markmið notendaráða sé að auka áhrif fatlaðs fólks á skipulag og framkvæmd þjónustu og önnur hagsmunamál í sínu sveitarfélagi. Fötlðu fólki verði gert kleift að hafa aukin áhrif á skipulag og framkvæmd þjónustu sem og önnur hagsmunamál sín. Á hverju þjónustusvæði verði sett á laggirnar notendaráð **skipað fötlðu fólki** sem sé ráðgefandi fyrir þjónustusvæðið varðandi stefnumótun í málaflokknum. Þjónustusvæðið vinni alla stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks með ráðinu og geti auk þess tekið upp mál að eigin frumkvæði. Boðið verði upp á stuðning og ráðgjöf til að mæta sértækum þörfum fatlaðra fulltrúa sem sitji í notendaráðunum, m.a. sé gætt að því að efni sé sett fram á auðskildu máli.

Samkvæmt framangreindu sitja kjörnir fulltrúar í aðgengis- og samráðsnefnd ekki fund þegar notendur fjalla um þau mál sem falla undir verksvið notendaráðs, t.d. þegar veita skal umsagnir um umsóknir um starfsleyfi, sbr. 10. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og 7. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Með kveðju

  
Anna Kristinsdóttir  
mannréttindastjóri

## Samþykkt fyrir aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks.

### Umboð

#### 1. gr.

Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem mælt er fyrir um í lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

### Verksvið

#### 2. gr.

~~Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar fer einnig með verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga og potendaráðs fatlaðs fólks samkvæmt 8. gr. sömu laga.~~

Sniðið: Leturgerð: Skáletur

Aðgengis- og samráðsnefnd skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni fatlaðs fólks í aðgengismálum í víðum skilningi, við mótun allrar þjónustu borgarinnar sem snýr að fötluðu fólki og eftir atvikum öðrum hagsmunamálum fatlaðs fólks. Nefndin skal stuðla að góðu upplýsingaflæði og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

Aðgengis- og samráðsnefnd kemur að mótun stefnu í aðgengismálum og málaflokkum er tengjast þjónustu við fatlað fólk, tekur ákvarðanir og gerir tillögur til fagráðanna sem varða verksvið hennar. Hún skal hafa frumkvæði að verkefnum sem stuðla að bættri þjónustu við fatlað fólk og bættu aðgengi fatlaðs fólks í samræmi við stefnu í aðgengismálum og fjárheimildir nefndarinnar hverju sinni. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

~~Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar fer einnig með verkefni samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt 2. mgr. 42. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.~~

#### 3. gr.

Markmið aðgengis- og samráðsnefndarinnar er að bæta þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík með virkri aðkomu fatlaðs fólks að skipulagi og mótun þjónustunnar. Markmið aðgengis- og samráðsnefndarinnar er jafnframt að bæta aðgengi fatlaðs fólks að allri þjónustu Reykjavíkurborgar sem og að borgarlandinu.

Aðgengis- og samráðsnefnd fer meðal annars með eftirtalin verkefni:

- Að allar byggingar í eigu Reykjavíkurborgar og annað húsnæði þar sem almenningur þarf að sækja þjónustu á vegum borgarinnar, svo og götur, gangstéttir og önnur opinber svæði í borgarlandinu, verði aðgengileg fötluðu fólki með mismunandi aðgengisþarfir. Aðgengis- og samráðsnefnd veitir árlega aðgengisviðurkenningu Reykjavíkurborgar.
- Að hafa áhrif á skipulag og framkvæmd allrar þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík með því markmiði að bæta aðgengi fatlaðs fólks í víðum skilningi að m.a. þjónustu, upplýsingum, húsnæði, borgarlandi og samfélagsþátttöku. Aðgengis- og samráðsnefndin skal vera ráðgefandi fyrir þjónustuveitendur á öllum sviðum

Reykjavíkurborgar, hafa aðkomu að stefnumótun er varðar þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík og halda utan um og vera vettvangur samráðs vegna þjónustu við fatlað fólk í borginni. Skal aðkoman og umfjöllunin eiga sér stað í nefndinni á öllum stigum vinnu fagsviðanna að málum er varða fatlað fólk, við upphaf, vinnslu og við lok vinnunnar.

4. gr.

Aðgengis- og samráðsnefnd skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

*Skipan*

5. gr.

Aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks er skipuð níu fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir þrjá fulltrúa og þrjá til vara þ.a. að lágmarki einn aðila úr hópi fólks með geðfötlun. Þroskahjálpar tilnefnir tvo fulltrúa og tvo til vara. NPA miðstöðin tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Skal að lágmarki einn fulltrúi úr hópi fatlaðs fólks sem notar hjólastól að staðaldri sitja í ráðinu og ber Reykjavíkurborg að tryggja þetta. Allir fulltrúar hagsmunasamtaka skulu vera notendur þjónustu við fatlað fólk í Reykjavík. Borgarstjórn kýs formann nefndarinnar en nefndin sjálf kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og borgarstjórnar.

Aðgengis – og samráðsnefndin getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

*Verkstjórn og verkaskipting*

6. gr.

Formaður aðgengis- og samráðsnefndarinnar er í forsvari fyrir hana um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum. Aðgengis- og samráðsnefnd er vistuð hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana nefndarinnar og rekstri og stjórnarsýslu hennar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa ber ábyrgð á að styðja við þátttöku fulltrúa með þroskahömlun í starfi nefndarinnar og að málum sem nefndin tekur til umfjöllunar verði komið á auðskilið mál þegar við á.

*Boðun funda og fundarsköp*

7. gr.

Aðgengis- og samráðsnefndin skal að lágmarki halda einn fund í hverjum mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við starfsmann mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í nefndinni þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar hefur seturétt á fundum aðgengis- og samráðsnefndar með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt skulu fulltrúar frá fagsviðum Reykjavíkurborgar sitja fundi ráðsins undir þeim liðum sem varða þeirra verksvið.

Þá getur nefndin boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

Fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs ber ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi nefndarinnar öll mál er snúa að aðgengishönnun og framfylgd samþykktar nefndarinnar sem snúa að framkvæmdum í aðgengismálum. Fulltrúi velferðarsviðs ber ábyrgð á að tekin verði til umfjöllunar á vettvangi nefndarinnar öll mál sem varða breytingar á þjónustu við fatlað fólk, stefnumótun og framfylgd stefnu málaflokksins í Reykjavík. Sviðsstjórar annarra fagsviða bera ábyrgð á að öll mál er varða þjónustu við fatlað fólk í m.a. skóla-, menningar-, íþrótta- og frístundastarfi verði tekin til umfjöllunar á vettvangi nefndarinnar.

#### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

8. gr.

Nefndarfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. [Kjörnir fulltrúar í aðgengis- og samráðsnefnd sitja ekki fund þegar notendur fjalla um mál sem falla undir verksvið notendaráðs fatlaðs fólks.](#)

Aðgengis- og samráðsnefnd skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir nefndina og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal nefndarinnar. Þar komi m.a. fram tímasetning opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

#### *Samráð*

9. gr.

Aðgengis- og samráðsnefnd ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Nefndin skal a.m.k. árlega funda með hagsmunasamtökum notenda félagsþjónustu. Nefndin skal leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Aðgengis- og samráðsnefnd ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári og einn þemafund um málefni fatlaðra barna með notendum úr hópi fatlaðra barna. Getur þetta eftir atvikum verið einn og sami fundurinn.

*Málsmeðferð*

10. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðunar skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu nefndarinnar skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir ferlinefnd fatlaðra frá 2. september 2014.

*Samþykkt í borgarstjórn*

*19.03.2019*